

// Fundur Foreldrafélags Barnaskólans í Hafnarfirði, þriðjudaginn 25. maí, 2021 //

10.fundur Foreldrafélags barnaskólans í Hafnarfirði skólaárið 2020-2021

Mættir eru:

Karen Emilsdóttir, 5 ára börn

Alejandra Indárraga, 6 ára drengir

Sunna Magnúsdóttir, 6 ára stúlkur

Rakel Sófúsdóttir, 7 ára drengir

Pórunn Sigurðardóttir, 7 ára stúlkur

Ragnar Þór Reynisson, 8-9 ára drengir

1. Vorhátíð.

Vorhátíð foreldrafélagsins til umræðu, ákveðið að bjóða nemendum skólans á sýningu með Sirkus Íslands þar sem þau fá popp og svala. Eftir hádegismat dagsins fá þau einnig ís/frostpinna frá foreldrafélaginu. Vorhátíðin er foreldralaus skemmtun en fulltrúar foreldrafélagsins standa vaktinna þennan dag og passa að allt gangi vel.

2. Myndataka.

Myndataka allra kjarna gekk vel og foreldrar kaupa myndir beint af ljósmyndara. Skólastýrur senda upplýsingapósta til forráðamanna með frekari upplýsingum.

3. Fréttabréf.

Fréttabréf á lokametrinum, það verður prentað út og sett í hólf allra barna í lok vikunnar.

Fundurinn var síðasti fundur foreldrafélagsins veturinn 2020-2021. Næsti fundur félagsins verður haldinn í upphafi næsta skólaárs þar sem undirbúningur fyrir aðalfund félagsins mun fara fram. Á aðalfundi verður ný stjórn kosin sem starfar skólaárið 2021-2022.